

VÍN blaðið

7 árg. 1.tbl. mars 2009



BJÓRDAGURINN
MIKLI



ÁFENGI Í MAT



SAUVIGNON
BLANC

Afgreiðslutími

VÍNBUÐA



Sjá upplýsingar um afgreiðslutíma á heimasíðu www.vinbudin.is

Höfuðborgarsvæðið	mán.-fim.	fös.	lau.	sími	teg	heimilisfang
Austurstræti	11-18	11-19	11-18	562-6511	500	Austurstræti 10a, 101 Rvk
Borgartún	11-18	11-19	11-18	561-8001	600	Borgartún 26, 105 Rvk
Dalvegur	09-20	09-20	11-18	564-5070	500	Dalvegi 2, 201 Kóp
Eiðistorg	11-18	11-19	11-18	561-1800	1000	Eiðistorgi 13, 170 Seltj.
Garðabær	11-18	11-19	11-18	555-6525	500	Garðatorgi 7, 210 Garðab
Hafnarfjörður	11-18	11-19	11-18	565-2222	1000	Fjarðargötu 13-15, 220 Hafn
Heiðrún	11-18	11-19	11-18	560-7720	ALLT	Stuðlahálsi 2, 110 Rvk
Kringlan	11-18	11-19	11-18	568-9060	ALLT	Kringlunni 8-12, 103 Rvk
Mosfellsbær	11-18	11-19	11-18	586-8150	500	Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ
Skeifan	09-20	09-20	11-18	588-3100	600	Skeifunni 5, 108 Rvk
Smáralind	11-18	11-19	11-18	544-2112	1000	Hagasmára 1, 201 Kóp
Skútuvogur	09-20	09-20	11-18	568-9008	2000	Skútuvogi 2, 104 Rvk
Stekkjarkakki	11-18	11-19	11-18	567-0400	500	Stekkjarkakka 6, 109 Rvk

Landsbyggðin	mán.-fim.	fös.	lau.	sími	teg	heimilisfang
Akureyri	11-18	11-19	11-16	462-1655	1000	Hólabraut 16, 600 Akureyri
Akranes	Vetur	12-18	11-19	431-2933	300	Þjóðbraut 13, 300 Akranes
	Sumar	11-18	11-19			
Blönduós	Vetur	14-18	14-19	lokað	200	Aðalgötu 8, 540 Blönduós
	Sumar	14-18	12-19			
Borgarnes	Vetur	12-18	11-19	431-3858	300	Borgarbraut 58-60, 310 Borgarnes
	Sumar	11-18	11-19			
Búðardalur	17-18	16-18	lokað	434-1303	100	Vesturbraut 15, 370 Búðardalur
Dalvík	Vetur	14-18	12-19	466-3430	200	Hafnarbraut 7, 620 Dalvík
	Sumar	11-18	11-19			
Djúpivogur	17-18	16-18	lokað	478-8270	100	Búlandi 1, 765 Djúpivogur
Egilsstaðir	Vetur	12-18	11-19	471-2151	300	Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir
	Sumar	11-18	11-19			
Fáskrúðsfjörður	17-18	16-18	lokað	475-1530	100	Búðavegi 35, 750 Fáskrúðsfjörður
Grindavík	14-18	12-18	lokað	426-8787	200	Víkurbraut 62, 240 Grindavík
Grundarfjörður	17-18	16-18	lokað	438-6994	100	Hrannarstíg 3, 350 Grundarfjörður
Hella	Vetur	14-18	14-19	585 7587	200	Suðurlandsvegi 1, 850 Hella
	Sumar	11-18	11-19			
Hólmavík	17-18	16-18	lokað	455-3110	100	Höfðatúni 4, 510 Hólmavík
Húsavík	Vetur	14-18	14-19	464-2230	200	Garðarsbraut 21, 640 Húsavík
	Sumar	11-18	11-19			
Hvammstangi	17-18	16-18	lokað	455-2321	100	Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi
Hveragerði	Vetur	12-18	11-19	481-3932	300	Breiðumörk 1, 810 Hveragerði
	Sumar	11-18	11-19			
Hvolsvöllur	Vetur	14-18	14-19	487-7797	200	Austurvegi 3, 860 Hvolsvöllur
	Sumar	11-18	11-19			
Höfn	Vetur	14-18	14-19	478-1977	200	Vesturbraut 1, 780 Höfn í Hornafirði
	Sumar	14-18	12-19			
Ísafjörður	Vetur	12-18	11-19	456-3455	300	Aðalstræti 20, 400 Ísafjörður
	Sumar	11-18	11-19			
Keflavík	11-18	11-19	11-16	421-5699	500	Hafnargötu 51, 230 Reykjanesbær
Kirkjubæjarklaustur	17-18	16-18	lokað	487-4628	100	Skaftárskála
Neskaupstaður	14-18	14-18	lokað	477-1890	200	Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstaður
Ólafsvík	14-18	14-18	lokað	436-1226	200	Mýrarholti 12, 355 Ólafsvík
Patreksfjörður	Vetur	14-18	14-18:30	456-1177	200	Þörsögðu 10, 450 Patreksfjörður
	Sumar	14-18	14-19			
Reyðarfjörður	14-18	14-19	11-14	474-1406	200	Hafnargötu 2, 730 Reyðarfjörður
Sauðárkrúkur	Vetur	12-18	11-19	453-5990	300	Smáragrund 2, 550 Sauðárkrúkur
	Sumar	11-18	11-19			
Selfoss	11-18	11-19	11-16	482-2011	500	Vallholti 19, 800 Selfoss
Seyðisfjörður	17-18	16-18	lokað	472-1700	100	Hafnargötu 2a, 710 Seyðisfjörður
Siglufjörður	14-18	14-19	lokað	467-1262	200	Eyrargötu 25, 580 Siglufjörður
Stykkishólmur	14-18	14-19	lokað	430-1414	200	Aðalgötu 24, 340 Stykkishólmur
Vestmannaeyjar	Vetur	12-18	11-19	481-1301	300	Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjar
	Sumar	11-18	11-19			
Vík í Mýrdal	17-18	16-18	lokað	487-5730	100	Austurvegi 18, 870 Vík
Vopnafjörður	17-18	16-18	lokað	473-1403	100	Hafnarbyggð 4, 690 Vopnafjörður
Þorlákshöfn	17-18	16-18	lokað	481-3963	100	Selvogsbraut 4, 815 Þorlákshöfn
Þórshöfn	17-18	16-18	lokað	468-1106	100	Langanesvegi 2, 680 Þórshöfn

Sumar: júní – ágúst / Vetur: sept. – maí

Sjá upplýsingar um netföng á www.vinbudin.is

EFNISYFIRLIT

Leiðari	2
Fréttir úr Vínbúðum	3
Hvers vegna að umhella?	5
Áfengi í mat	6-7
Bjórdagurinn mikli - 1.mars 1989	8-9
Mojito	10-11
Sauvignon Blanc	12-13
Brunello, besta vín Ítalíu?	14
Hefur kreppan áhrif á sölu áfengra drykkja?	15-17
Árgangatafla ÁTVR	18
Vöruskrá	19

Vöruskrá

• Rauðvín.....	20
• Hvítvín	38
• Sætvín	48
• Rósavín	51
• Freyðivín.....	52
• Aðrir gerjaðir drykkir	56
• Kassavín	58
• Styrkt vín og kryddvín	60
• Bitter og líkjör.....	62
• Sterkt áfengi, Armanac, Cognac	66
• Brandí, viskí	67
• Maltviskí.....	68
• Romm ,Tekila, Vodka	69
• Gin, Sénever, akvavit,	70
• Anís, snafs, kryddromm.....	71
• Annað áfengi undir 15%	72
• Bjór.....	74
• Óáfengt.....	78
• Gjafavara	78
• Viðurkennd lífræn vottun	80

Vörur í stafrófsröð	82
---------------------	----

Matartákn	96
-----------	----

Vínblaðið, 1. tbl. 7. árg. mars 2009
Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR
Ábyrgðarmaður: Ívar J. Arndal
Ritstjóri: Guðfinna Ásta Birgisdóttir
Ritstjórn: Gissur Kristinsson, Jóna Grétarsdóttir, Páll Sigurðsson
Hönnun, umbrot og prentun: Oddi ehf. / P09.00.646

ISSN-1670-7532

Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, www.vinbudin.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Áskilinn er réttur til leiðréttinga.



Leiðarir

Á höfuðborgarsvæðinu hafa tvær Vínbúðir; Heiðrún og Kringlan, haft allt vöruúrval Vínbúðanna á boðstólum. Nú hefur Vínbúðin Skútuvogi bæst í hópinn. Heildarvöruúrvalið samanstendur af um 1800 tegundum, þar af eru um 1000 tegundir af léttvini og 150 tegundir af bjór. Það sem aðgreinir Vínbúðina í Skútuvogi ennfremur er lengri afgreiðslutími á virkum dögum frá kl. 9 til 20. Við bjóðum viðskiptavini sérstaklega velkomna í nýja og glæsilega Vínbúð í Skútuvogi og vonum að aukið vöruúrval, stór bjórkæli og langur afgreiðslutími auki ánægju viðskiptavina.

Um þessar mundir eru 20 ár síðan bjór var leyfður á Íslandi. Eins og margir muna ríkti mikil eftirvænting í Þjóðfélaginu þegar sala á bjór var leyfð, þann 1. mars 1989. Það er óhætt að segja að landsmenn hafi tekið bjórnum fagnandi. Fyrsta árið þ.e. tímabilið mars – desember seldust 6,9 milljón lítrar af bjór. Árið 2008, tæplega 20 árum síðar, seldust 15,7 milljón lítrar. Hér í blaðinu er að finna skemmtilega grein eftir Höskuld Jónsson, fyrrverandi forstjóra ÁTVR, þar sem hann fjallar um „bjórdaginn mikla“ og aðdragandann að því að bjórinn var leyfður.

Markvisst er unnið bættum upplýsingum fyrir viðskiptavini á vef Vínbúðanna, vinbudin.is. Allt frá því að núverandi vefur var tekinn í notkun í maí á síðasta ári hafa viðtökurnar verið frábærar. Heimsóknum hefur fjölgað gríðarlega en að meðaltali um 32 þúsund viðskiptavinir heimsækja vefinn á mánuði. Nýjasta viðbótin á vefnum er öflug vöruleit. Hægt er að leita að vínnum eftir hinum ýmsu skilyrðum s.s. heiti, landi, svæði, verði, styrkleika, þrúgum, stærð og matarflokkum. Markmiðið er að auðvelda leit að ákveðnum tegundum en jafnframt stuðla að betri fróðleik um vörur okkar og vöruúrval. Við hvetjum viðskiptavini til að kynna sér þessa viðbótarþjónustu Vínbúðanna.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir
aðstoðarforstjóri



Ítarleg vöruleit á vinbudin.is

Nú hefur verið sett í loftið ný leitarsíða sem víkkar leitarmöguleikana á vinbudin.is til muna. Hægt er að leita að vínunum eftir hinum ýmsu skilyrðum s.s. heiti, landi, svæði, verði, styrkleika, þrúgum, stærð, matarflokkum og fleiru.

Markmið leitarinnar er að auðvelda viðskiptavinum að finna þá tegund sem leitað er að og ennfremur að stuðla að enn betri fróðleik um vörur okkar og úrval.

Endilega kynntu þér skemmtilega möguleika vöruleitarinnar á vinbudin.is.

Samsetning vöruúrvals í Vínbúðunum

Samsetning vöruúrvals Vínbúðanna ræðst helst af tveimur þáttum. Annar þátturinn er söluárangur undanfarins árs. Söluhæstu tegundir áfengis fá þannig viðtækustu dreifinguna en sölulágar tegundir falla úr sölu og rýma þannig fyrir nýjum tegundum. Vöruúrval ræðst einnig af stefnu Vínbúðanna varðandi ánægju viðskiptavina og fjölbreytt vöruúrval. Vínbúðirnar leggja áherslu á að hafa framsækið og fjölbreytt vöruúrval sem er í takt við væntingar viðskiptavina á hverjum tíma. Hluti af þeirri áherslu er að tryggja að í vöruúrvali sé ávallt tegundir frá helstu vínrektarsvæðum heimsins. Vöruúrvalið skiptist grófllega þannig að um 55% af fjölda tegunda Vínbúðanna er rauð-, hvít- og rósavín. 21% af fjölda tegunda er sterkt áfengi og um 14% af fjölda tegunda er bjór.



Þú getur fengið allt í Vínbúðinni Skútuvogi!

Vöruúrval Vínbúðarinnar í Skútuvogi hefur nú verið aukið frá 1.000 tegundum í 2.000 tegundir. Vínbúðin mun því skarta öllu því vöruúrvali sem Vínbúðirnar bjóða uppá. Búðin bætist þar með í hóp Kringlunnar og Heiðrúnar sem stærstu Vínbúðir landsins. Vínbúðin er reyndar sú eina sinnar tegundar þar sem hún býður bæði allt vöruúrvalið og er þess utan opin lengur, eða frá 9-20 alla virka daga.

Í Vínbúðinni er starfandi vínráðgjafi og sérstök aðstaða er fyrir úrvalsvín, sem eru öll á einum stað í búðinni. Þau vín sem þess þurfa eru einnig geymd í sérstökum skápum sem halda hitastiginu réttu. Þetta er Vínbúð sem vínahugamenn ættu ekki að láta framhjá sér fara. Aðgengi að Vínbúðinni er mjög gott og nóg af bílastæðum. Búðin er staðsett í Skútuvogi 2, í „Vodafone-húsinu“ svokallaða, gegnt Holtagörðum.

Verið velkomin!

Vínbúðin Spönginni lokar

Vínbúðin Spönginni lokaði 19. janúar s.l. Megin ástæða þess að Vínbúðinni var lokað er að húsnæðið var orðið óhentugt miðað við þá þjónustu og vöruúrval sem viðskiptavinir óskuðu eftir. Leigusamningur um húsnæðið rann út um áramótin og var ákveðið að framlengja hann ekki. Leitað verður eftir hentugra húsnæði á svæðinu þegar aðstæður leyfa. Allir fastráðnir starfsmenn héldu störfum sínum og fluttust yfir í aðrar Vínbúðir. Engar aðrar lokanir eru fyrirhugaðar hjá Vínbúðunum.

Viðskiptavinum er bent á Vínbúðirnar Heiðrúnu og Skútuvogi sem nálægar búðir.



Vínbúðin Fáskrúðsfirði flytur

Vínbúðin Fáskrúðsfirði hefur nú flutt í nýtt húsnæði að Skólavegi 59. Vínbúðin hefur verið starfrækt á svæðinu frá október 1999 og var fram að þessu til húsa að Búðarvegi 35.

Nýja Vínbúðin er fyrsta sjálfsafgreiðslubúðin í þessari stærð (100 tegundir). Vínbúðin er glæsileg, björt og rúmgóð og er hönnun sambærileg nýju Vínbúðunum á stór-höfuðborgarsvæðinu.

Vínbúðin í Reykjanesbæ flutt

Vínbúðin í Reykjanesbæ flutti í nýtt og glæsilegt húsnæði í janúar og er nú staðsett í verslunarkjarna að Krossmóum 4, þar sem Samkaup er til húsa. Vínbúðin er öll hin glæsilegasta, björt og skemmtileg og helmingi stærri en áður. Allur bjór er geymdur í stórum kæli, þannig að viðskiptavinir búðarinnar geta nú keypt ölið kalt, en mikil krafa hefur verið uppi um slíka þjónustu. Afgreiðslukösum hefur verið fjölgað og auk þess er nóg af bílastæðum fyrir framan Vínbúðina.

Verið velkomin í glæsilega Vínbúð!

Björkælir í Heiðrúnu

Um þessar mundir er unnið að breytingum í Vínbúðinni Heiðrúnu. Áætlað er að ljúka breytingunum í marsmánuði. Helstu breytingarnar eru þær að stór björkælir verður tekinn í notkun og afgreiðsla tóbaks flyst í nýjan hluta dreifingarmiðstöðvar á Stuðlahálsi. Allur bjór sem Vínbúðin Heiðrún selur mun flytjast í kælinn eftir breytingarnar og endurbætur verða gerðar á léttvínssvæði og sú aðstaða sem vínfraeðingar hafa til að veita ráðgjöf verður bætt. Það er von okkar að breytingar þessar verði til þess að góð Vínbúð verði enn betri fyrir vikið.

Viltu hafa það spænskt?



Þú getur leitað eftir vínanda, verði, tegund, landi, héraði, upprunastað, þrúgu, matarflokk og geymslumáta, í **vöruleit** á vinbudin.is

 VÍNBÚÐIN

vinbudin.is

HVERS VEGNA AÐ UMHELLA?

Að umhella vínunum er oftast gert í þeim tilgangi að mýkja vín sem eru ung og óaðgengileg. Þá er þeim hellt í karöflur eða könnur þannig að vínið komist í sem mest tæri við súrefni en þannig mýkist vínið (eldist) fyrr.

ÖNNUR ÁSTÆÐA FYRIR ÞVÍ AÐ UMHELLA ER SÚ AÐ LOSNA VIÐ BOTNFALL Í ELDRI VÍNUM.

Þegar eldri vínunum með botnfalli er hellt þarf að fara varlega með flöskuna þannig að hún gruggist ekki. Flaskan þarf að standa upprétt í dálitinn tíma þannig að botnfallið setjist. Margir nota þá aðferð að hella varlega með ljós á bakvið þannig að hægt sé fylgjast með þegar botnfallið rennur fram í stútinn og sloppið þannig við að fá botnfallið í glasið.



ÁFENGI Í MAT

BORÐVÍN, FREYÐIVÍN,
STYRKT OG BRENND VÍN
ERU IÐULEGA NOTUÐ
Í MATARGERÐ OG ÞÁ
HELST Í SÓSUR, SÚPUR
OG MARINERINGAR. EN
ÞAÐ ER EINNIG HÆGT AÐ
GERA ÝMISLEGT ANNAÐ
MEÐ ÁFENGI Í MAT OG ER
KJÖRIÐ AÐ PRÓFA ÞESSAR
LÉTTU OG VORLEGU
UPPSKRIFTIR Í GÓÐUM
FÉLAGSSKAP.



MARTINI SJÁVARRÉTTA- SALAT

Fyrir 8

125 g elduð rækja í bitum

125 g lax í bitum

125 g hörpudiskur í bitum

125 g rauðlaukur í bitum

6 cl trönuberjavodki

½ msk grænn jalapeno pipar, frælaus og
smátt skorinn (má nota græna papriku)

½ msk rauður jalapeno pipar, frælaus og
smátt skorinn (má nota rauða papriku)

1 bolli ferskur lime safi

1 tómatur, fræhreinsaður og skorinn í bita

¼ bolli ferskt kóríander, smátt skorið

1 msk sykur

Salt og pipar eftir smekk

2 kíwí í bitum

1 lime í bitum

½ appelsína í bitum

Blandið rækju, laxi, hörpudisk, rauðlauk, jalapeno, lime safi og vodka saman í skál og látið marinerast í ísskáp í 2-3 tíma. Áður en rétturinn er borinn fram er safinn sigtaður frá og tómata, kóríander, sykri, salti og pipar blandað saman við. Að lokum er kíwí, lime og appelsínubitum blandað varlega saman við. Fallegt að bera fram á salatblaði.



TEQUILA KJÚKLINGA- BRINGUR

Fyrir fjóra

4 kjúklingabringur, skinn og beinlausar

Safi úr þremur lime

½ búnt ferskt kóríander, smátt skorið

1 hvítlauksrif, rífið niður

2 msk tequila

½ tsk broddkumin

1 jalapeno pipar, fræhreinsaður og smátt skorinn

1 msk ólífú olía

Maukið saman kóríander, hvítlauk, kumin og jalapeno í morteli eða skál. Bætið tequila, lime safa og ólífú olíu út í maukið. Þvoið og þerrið bringurnar og leggið í marinerunguna í lokuðum plastpoka eða skál. Látið marinerast í 6 klst. eða yfir nótt. Látið umfram marineringu renna af bringunum og hendið henni. Grillið bringurnar þar til þær eru eldaðar í gegn, eða í u.þ.b. 25 mínútur.

PINA COLADA ÁVAXTASALAT

Fyrir 8

3 cl kókosromm (Malibu eða samskonar)

1 bolli hnetur (t.d. macademiu eða kasjúhnetur)

2 bananar

1 papaya

Safi úr 4 lime

3 bollar vatnsmelóna í kúlum eða bitum

2 bollar ferskur ananas í bitum

1 bolli kókosflögur

3 bollar vanillujógúrt

Hakkið hneturnar gróft niður og ristið þær síðan á þurri pönnu þar til þær taka smá lit. Leggið þær til hliðar og leyfið þeim að kólna. Skerið banana og papaya í bita og veltið upp úr lime safanum. Bætið vatnsmelónu, ananas og kókosflögum út í. Hellið romminu yfir og blandið vel. Setið ávextina í fallega skál eða berið fram í hálfum kókoshnetum. Stráið ristugu hnetunum yfir og berið fram með vanillu jógúrt.



Ljósmyndasafn Reykjavíkur/Dagblaðið Vísir/Gunnar V. Andrésson

BJÓRDAGURINN MIKLI

–1.MARS 1989

Banni við sölu áfengs öls var létt af 1. mars 1989. Bannið hafði þá staðið í rúm 70 ár. Við því var ekki hreyft 1922 þegar sala á borðvinum var leyfð og í það var haldið 1935 þegar framleiðsla og sala á sterku áfengi var leyfð. Öl, sem innihélt umfram 2,25% vínanda miðað við rúmmál, taldist áfengt.

Styrkleiki á bjór hefur lengi þótt áhugaverð umræða, en hér yrkir Baldur Eiríksson skemmtilega um bjórinn:

Aldrei hefði hann Egill nennt orðaskaki um tvö prósent, né daufum drykkjum að sinna. Og vísað hefði hann broti á bug, og bara látið það standa á tug, svo bragð mætti af bjórnum finna

Niðar Egils, um aldaröð, ómælt supu hinn sterka mjöð, og vöðu í svíma og villu. Okkur, með réttu, er nú kennt hve eitt, eða jafnvel hálf prósent má orka miklu og illu.

Í árána rás voru margar atlögur gerðar að bjórbanninu. Af og til birtust á Alþingi frumvörp um afnám bannsins. Þau fengu

flest dræmar undirtektir. Afstaða til áfengis fór ekki eftir flokkslínum. Eftir 1970 urðu ýmsar breytingar á högum Íslendinga sem höfðu áhrif á afstöðu þeirra í áfengismálum. Landinn fór að sækja meir en áður til útlanda, ferðum flugvéla og skipa til og frá Íslandi fjölgaði, hafin var sala á efnum til öl- og víngerðar í almennum verslunum og

Úr bjórvísun Ásgeirs Ingvarssonar:

Því sular maður Kláravín í Sanabjór og sýpur eins og væri þetta drykkja best. Þeir kalla þetta bjórlíki á börnunum og bjórlík þá sem drekka mest.

„bjórlíki“ var falt á veitingahúsum. Bjórlíkið náði talsverðum vinsældum. Þótt sigldir bjórdrykkjumenn teldu hér kominn hinn versta óþverra, virtust áhrif af neyslu þess svipuð og af alvörubjór og í kringum það skapaðist eitthvað sem kallað var kráarstemning. Með vísun til tollalaga hafði áhöfnum skipa og flugvéla verið heimilað að koma með nokkurt magn af bjór til landsins í hverri ferð. Þegar ferðum fjölgaði komst þessi bjór í umferð sem söluvara í annars bjórlausu landi. Ferðamenn nutu ekki þessara fríðinda þangað til í lok árs 1979 þegar ferðamaður, Davíð Scheving Thorsteinsson, krafðist jafnræðis við áhafnir. Í stað þess að fella fríðindi áhafna

niður var valinn sá kostur að heimila öllum ferðamönnum, sem aldur hefðu til áfengisкупа, að hafa með sér ákveðið magn bjórs inn í landið. Var nú mörgum erfitt um vik að verja bann, er náði aðeins til þeirra, sem ekki höfðu efni eða atvinnu af siglingum. Í febrúar 1988 lagði meirihluti allsherjarnefndar Alþingis fram frumvarp sem varð að lögum nr. 38/1988. Samkvæmt lögunum var ÁTVR heimilt að hefja sölu á áfengum bjór 1. mars 1989.

Í byrjun árs 1989 rak ÁTVR 15 verslanir þar af 5 á höfuðborgarsvæðinu. Aðeins ein þessara verslana bjó við húsakynni, sem hæf voru talin til sölu á því magni er við myndi bæstast, þegar bjór yrði á boðstólum. Vínbúðin í Mjóddinni hafði nýlega verið opnuð sem sérverslun fyrir gæðavin. Hillur þar voru með harðviðarspæni og alls ekki ætlaðar fyrir annað en glæsivöru. Vörugæmsla var undir versluninni svo flytja þurfti varninginn í lyftu milli hæða. Verslunin í Kringlunni var á þeim dögum flaggskip ÁTVR hvað varaði allan búnað og skipulag. Þar var rými. Að frátöldum vínúðum í Mjóddinni, Hafnarfirði og Kringlunni voru allar verslanirnar miðaðar við að vara væri afgreidd yfir borð. Sóluspá ÁTVR gerði ráð fyrir að magn vöru myndi þrefaldast með tilkomu bjórsins eða verða um 9 milljónir lítra á ári.



Til margs purfti að líta við val á bjór til sölu í verslunum. Niðurstaðan var sú að þann 1. mars 1989 yrðu 5 tegundir öls til í öllum verslunum. Tvær þeirra yrðu íslenskar en hinar þrjár frá jafn mörgum löndum. Eingöngu yrði um dósabjór að ræða í 33x6 cl einingum (six-packs). Innkaupastofnun ríkisins var falið að annast útböð á erlenda bjórnum. Það var í fyrsta sinn í sögu ÁTVR, sem innkaup söluvöru voru boðin út. Lægsta tilboðið kom frá Budweiser í Bandaríkjunum. Lægstu verðin frá öðrum löndum voru á austurríska bjórnum Kaiser Premium Beer og dönskum Tuborg. Sanitas bauð strax til sölu þrjár tegundir, Löwenbräu, sem bruggaður var hér á landi, Sanitas Pilsner og Lageröl. Löwenbräu var seldur í öllum vínbúðum er hinar tvær í stærstu verslunum. Frá Agli Skallagrímssyni kom Egils Gull.

Þegar bjórbanninu var aflétt hafði ÁTVR hafist handa við byggingu húss við Stuðlaháls sem ætlað var fyrir skrifstofu fyrirtækisins, nýja verslun og vörugeymslu. Lögð var áhersla á að gera húsið fokhelt og að jarðhæð hússins yrði nothæf til geymslu bjórbirgða og rekstrar bjórverslunar. Sú verslun opnaði 1. mars þótt öll aðstaða til rekstrar þætti lítilfjörleg á nútímavísu. Þeirri verslun var gefið nafnið HEIÐRÚN. Er hún eina vínbúðin sem fengið hefur formlegt nafn.

Verslunin Heiðrún fékk nafn sitt úr Gylfaginningu Snorra Sturlusonar.

Þá mælti Gangleri: Hvat hafa Einherjar at drykk, þat er þeim endisk jafnþóglaga sem vistin, eða er þar vatn drukkit? – Þá segir Hárr: Undarliga spýrr þú nú, at Alföðr mun bjóða til sín konungum eða jörlum eða öðrum ríkismönnum ok myni gefa þeim vatn at drekka; ok þat veit trúa mín, at margr kemr sá til Valhallar, er dýrt mundi þykkjast kaupa vatsdrykkinn, ef eigi væri betra fagnaðar þangat at vitja, sá er áðr þolir sár ok sviða til banans. Annat kann ek þér þaðan segja. Geit sú, er Heiðrún heitir, stendr uppi á Valhöll, ok bitr barr af límu trés þess, er mjök er nafnfrægt, er Læraðr heitir, er ór spenum hennar rennr mjöðr sá, er hon fyllir skapker hvern dag; þat er svá mikit, at allir Einherjar verða fulldrukinn af.



Í Keflavík var sett upp bjórbúð í húsnæði við Hólmgarð, en ÁTVR hafði áform um að flytja vínbúð sína þangað sem síðar varð. Að frátöldum þessum sérlausnum varð að troða bjórnum inn í það húsnæði sem fyrir var.

Ég var í verslun ÁTVR við Snorrabraut þegar opnað var kl 9:00 þann 1. mars 1989. Utandyra var mannmergð, flestir komnir til að kaupa bjór. Í hópnum voru og margir fréttamenn og ljósmyndarar innlendra og erlendra fjölmiðla. Mér er enn í minni snör handtök afgreiðslumanna er þeir kipptu hverjum kassanum á fætur öðrum upp á búðarborðið úr stæðum, sem komið hafði verið fyrir þar sem einhver smuga fannst og hversu óþægileg sem sú staðsetning var vinnandi manni. Snorrabrautin var ekki einsdæmi. Allir starfsmenn voru á þönum þennan dag. Til viðbótar álagi við aðflutning vöru til verslananna þennan dag kölluðu veitingahúsin eftir bjór, sem berast varð þeim á stundinni. Enginn annar dagur yrði eins og 1. mars 1989.

OPINBERAR RÁÐSTAFANIR GEGN ÁHRIFUM BJÓRDYKKJU

Umferðarráð fór í mikla herferð gegn ölvunarakstri. Ráðið fékk Valgeir Guðjónsson tónlistarmann til að semja lagið „Ég held ég gangi heim“ og léku margar hljómsveitir landsins lag Valgeirs í lok dansleikja rétt áður en fólk fór heim.

ÉG HELD ÉG GANGI HEIM

Viðlag:

*Ég held ég gangi heim, held ég gangi heim.
Ég held ég gangi heim, held ég gangi heim.
Þetta er búið að vera eitt brjálæðislegt geim.
Ég held ég gangi heim, held ég gangi heim*

Alveg skothelt kvöld og skemmtilegt fólk sem skálaði í öllu öðru en mjólk, kjálkaliðnum kjöftuðu sig allir úr og Indriði var orðinn alveg hrikalega klúr.

Viðlag.

Tviburarnir æfðu í sófanum svig og sungu lög eftir Bubba, Megas og mig Milliraddir flæddu úr munnum út og Matthildur lék undir á tóman flöskustút.

Viðlag.

Laufey er að hringja á leigubíl hún vill losna sem fyrst við þennan skril Eysteinn vildi ólmur aka af stað en amma gamla í kjallaranum bannað' honum það.

Viðlag.

Allir hlutir enda og eins þetta kvöld allur bjórinn búinn og pízzan skitköld En bíllyklarnir eru enn á sínum stað og það er nú það er nú það er nú það.

Viðlag.

Viðlag aftur.

Birt með góðfúslegu leyfi höfundar



Höskuldur Jónsson

MOJITO

Við athugun á hvaða kokteilar væru vinsælir á Íslandi í dag kom í ljós að Mojito er einn sá vinsælasti.

Mojito á sér skemtilega sögu en hann kemur upprunalega frá Kúbu. Um 1600-1800 fengu þrælar sem unnu á sykkurreirökrum 1 glas af sykrðu vatni til að fá meiri orku, stundum bættu húsbændurnir úti þetta vökva sem nefnist aguardiente og er unnin úr sykkurreir og hefur háa áfengisprósentu. Á einhverjum tímamarki var svo mintu bætt úti þessa blöndu og Mojito varð til. Nafnið er dregið af spænska orðinu mojo sem þýðir að blanda. Snemma á 20. öldinni verður drykkurinn vinsæll í Havana og er nú vinsæll um allan heim.

Í DAG ERU TIL MARGAR ÚTGÁFUR AF MOJITO OG ER MJÖG VINSÆLT AÐ BÆTA BERJUM OG ÖÐRUM ÁVÖXTUM VIÐ.

Ég ákvað að koma með 3 uppskriftir af Mojito sem ég hvet ykkur til að prufa. Í þeim er sódavatn en fyrir þá sem vilja meiri sætu er gott að nota Sprite. Njótið vel.

Heimildir : The complete book of spirits eftir Anthony Dias Blue





MOJITO

3 cl. ljóst romm

2 tsk. hrásykur

½ lime

10 mintulauf

Sódavatn

Mintulauf og lime skorið niður í báta, kreist og kramið saman ásamt sykri í glasi. Rommi og klaka bætt úti og hrært vel saman. Sódavatn eftir smekk.

JARÐABERJA MOJITO

3 cl. ljóst romm

2 bátar lime

4-5 mintulauf

4 fersk jarðaber

2 tsk. hrásykur

Sódavatn

Mintulauf, jarðaber og lime skorið niður í báta, kreist og kramið saman ásamt sykri í glasi. Rommi og klaka bætt úti og hrært vel saman. Sódavatn eftir smekk.



BRÓMBERJA MOJITO

3 cl. ljóst romm

2 bátar lime

4-5 mintulauf

4-5 fersk brómber

2 tsk. hrásykur

Sódavatn

Mintulauf, brómber og lime skorið niður í báta, kreist og kramið saman ásamt sykri í glasi. Rommi og klaka bætt úti og hrært vel saman. Sódavatn eftir smekk.



SAUVIGNON BLANC

–HRESSANDI VORVINDUR Í GLASI



Hvítvín úr Sauvignon Blanc eru ekki aðeins frábær sem fordrykkur, heldur standast fá vín þeim snúning þegar ostar eru á borðum. Einnig henta þau mjög vel með fiskréttum, ljósu kjöti, salati og ýmsum grænmetisréttum.

PAPRIKA, ASPAS, TÓMATAR OG KRYDD EINS OG KORÍANDER, BASIL, DILL, FENNEL, MINTA OG STEINSELJA UNDIRSTRIKA SVO BRAGÐ OG ILM VÍNSINS OG ÚTKOMAN VERÐUR GOTT SAMSPIL.

Uppruni Sauvignon Blanc er ekki alveg á hreinu, það gæti verið hvort heldur Loire eða Suðvestur Frakkland. Hvar svo sem hún er upprunnin þá má þakka henni fyrir tilurð Cabernet Sauvignon, því sú vinsæla rauðvínspúga er afsprengr Cabernet Franc og Sauvignon Blanc.

Vín úr þrúgunni Sauvignon Blanc hafa mjög sterk einkenni þrúgunnar og eiga flestir auðvelt með að þekkja þau aftur eftir fyrstu kynni. Það fer sjaldan á milli mála hvað er á ferðinni þegar þessa þrúgu ber á góma. Þrúgan hefur sterk ilmeinkenni sem oft hefur verið líkt við kattarhland, þó ekki beint í niðrandi merkingu.

Vínin eru ilmrík, með ferska sýru eða jafnvel sýrurík, oftast gerð án þess að eik

komi við sögu. Þau hafa áberandi ilm af sólberjum, stíkilsberjum, aspas, papriku og niðursoðnum baunum í bland við óviðjafnanlega jarðefnatóna. Vínin eru yfirleitt með meðalfyllingu og oftast þurr. Sauvignon Blanc er oft vanmetið, margir líta á það sem einföld vín og létt hressingu, en í reynd geta vínin oft verið býsna flókin og töluvert í þau spunnið. Flest vín úr hreinu Sauvignon Blanc batna ekki við að þroskast á flösku. Þrúgan er sýrurík og hentar þess vegna vel í sætvín sem kemur einstaklega vel fram í frægum sætvínum frá Sauternes.

Sauvignon Blanc er ræktað víðsvegar um heiminn; í Frakklandi, Nýja Sjálandi, Ítalíu, Spáni, Bandaríkjunum, Ástralíu, Chile, Argentínu og Austur Evrópu, en telja verður að bestur árangur hafi náðst í Frakklandi og Nýja Sjálandi.

Í Frakklandi eru framleidd vín úr þessari þrúgu á nokkrum vínræktarsvæðum. Frá Loire, eða nánar tiltekið frá þorpunum Sancerre og Pouilly Fumé sitthvoru megin við ána Loire, koma tvö þekkt vín úr Sauvignon Blanc. Nafn þrúgunnar kemur yfirleitt ekki fram á frönskum flöskumiðum, en svæðisheiti gefa aftur á móti til kynna hvaða þrúgum má búast við í flöskunni. Svalt loftslagið og jarðvegurinn gefur af sér vín sem eru þurr, allt að því sýrurík, oft með töluverða jarðefnatóna og sólberjakeim og stundum má greina reykt eða byssupúður í ilminum.



Frá Bordeaux koma svo hvítvín sem yfirleitt eru blöndur af Sauvignon Blanc og Semillon, oft er þó Semillon þrúgan ríkjandi. Þessi vín eru þurr með meðal til mikla sýru og geta haft meðal til mikla fyllingu, stundum bregður fyrir eikartónum. Vínin eru þó ekki eins skörp og þau frá Sancerre. Vín frá Graves og Pessac-Léognan eru svo oft gerjuð og þroskuð í nýrri eik, þau bestu eldast vel og þróa með sér flókinn ilm af hunangi og ristugu brauði. Frá Sauternes koma síðan ein frægustu og bestu sætvín heims og án þáttöku Sauvignon Blanc væri eflaust lítið í þau spunnið.

Það er ekki svo ýkja langt síðan byrjað var á að rækta þessa þrúgu á Nýja Sjálandi, en vínin hafa þrátt fyrir það náð hylli vinnutenda um heim allan. Með þrúgunni breyttu Nýsjálandingar hugmyndum manna um hvernig Sauvignon Blanc eigi að vera, eitthvað álíka og gerðist með Chardonnay frá Ástralíu og Kaliforníu. Vínin eru að margra mati bestu fánlegu Sauvignon Blanc. Frá Marlborough koma gæðavín úr Sauvignon Blanc, vín sem eru þurr, með meðalfyllingu, hafa mikla ferska sýru og skörp tegundareinkenni, hreinan ávöxt eins og sólberjalauf, aspás, baunir og suðræna ávaxtatóna.

Suður-Afríka teflir svo fram Sauvignon Blanc sem eru með ferskan ávöxt, svipað og frá Nýja Sjálandi, en ekki eins öflugan og flókinn.

Í Kaliforníu er talað um tvo stíla, annar sem líkt er við þann nýsjálenska, hefur ferskan ávöxt með sítrus og ástaraldinkeim, hinn er mýkri og oft eikaður. Robert Mondavi, vingerðarmaður í Napa Valley, tók upp á því að kalla Sauvignon Blanc vínin sín Fumé Blanc eftir að hafa látið þau þroskast á eikartunnum um tíma.

Ég hvet fólk til að kynna sér vín úr þessari þrúgu, látið ekki lýsingar eins og súruríkt hafa neikvæð áhrif á ykkur. Sýra í víni örvar munnvatnskirtlana sem og meltinguna. Vín sem innihalda litla sýru virka flöt og óspennandi. Vín úr Sauvignon Blanc eru frábær sem fordrykkur, ein og sér og ganga með ótrúlega fjölbreyttum mat. Maður verður allavega ekki súr á manninn af Sauvignon.



Páll Sigurðsson
vínráðgjafi

BRUNELLO, BESTA RAUÐVÍN ÍTALÍU?

Brunello di Montalcino er nafn á ítölskum rauðvínum frá hæðunum í kringum bæinn Montalcino í Toskana. Í dag er héraðið með þekktustu vínhéruðum Ítalíu með DOCG upprunavottun og eru vínin þaðan með þeim dýrari á Ítalíu.



SAGAN

Elstu frásagnir af vínframleiðslu héraðsins eru frá 14 öld en þá er getið um hvítvínssprúguna Moscato í kvæði. Fyrstu frásagnir um rauðvínframleiðslu "Brunello" í Montalcino er frá fyrri hluta 15 aldar. Það var síðan á landbúnaðarsýningunni 1865 í Montalcino að vínin hlutu verðlaun og voru þá fyrst einkennd sem Brunello. Brunello di Montalcino eins og við þekkjum í dag, þroskaður á eik og flösku, var settur á markaðinn 1888 af Ferruccio Biondi-Santi. Brunello (sá dökki) sem lengi var haldið að væri sér þruga er í raun Sangiovese. Flestir framleiðendur eru í dag að nota nokkra klóna af Sangiovese og reyna þannig að ná fram hinni fullkomnu blöndu.

ÞRÓUNIN

Eftir seinni heimstyrjöldina voru Brunello di Montalcino vínin með þeim sjaldgæfustu á Ítalíu. Á sjöunda áratugnum voru einungis um 11 framleiðendur en í dag eru þeir um 250. Vínframleiðslan er orðin mikilvægasta framleiðslugreinin studd öflugum ferðamannaíðnaði. Þetta er mikilvægt fyrir svæðið en það hefur breyst úr fátæku landbúnaðarhéraði í tæknivætt landbúnaðar- og ferðamannahérað á ríflega 20 árum.

STAÐSETNING

Bærinn Montalcino er frá miðöldum og stendur á fallettari hæð í tæplega 600 metrum yfir sjávarmáli. Veðurfari í Montalcino er þannig háttað að það er einna heitasta og þurrasta héraðið í Toskana. Hæðótt landslagið gerir það að verkum að margir garðarnir snúa vel að sólu og stuðla ásamt veðurfari sínu að því að Sangiovese þruga þroskast viku fyrr en t.d. í Montepulciano eða Chianti Classico. Monte Amiata, hæðsta fjall héraðsins, dregur til sín úrkomu og veitir skjól sem stuðlar að þurrara loftslagi og einnig hefur nálægð við hafið kælandi áhrif á berin. Í Montalcino eru aðeins rúmlega 1.200 hektarar undir vínrækt meðan alls rúmlega 16.500 hektarar eru undir vínrækt í Chianti.



JARÐVEGUR

Jarðvegurinn er fjölbreyttur enda gamall sjávarbotn (4-5 milljóna gamall) þar sem gamalt set með skeljum og kuðungum er víða. Þess má til gamans geta að nýlega fundust steingerð hvalbein í 500 metra hæð suðaustur af Montalcino sem undirstrikar þetta með sjávarbotninn. Einnig er leir, kalk, flöguberg ásamt öskulagi sem leggja sitt að mörkum til að auka margbreytileika Brunellovínanna.

KRÖFUR

Til að geta kallast Brunello di Montalcino þarf vínið að vera úr Sangiovese þrugu. Vínið er látið þroskast á eik í a.m.k. 3 ár, iðulega á stórum slóðenskum eikartunnum eða minni frönskum eikartunnum. Vínið má ekki fara á markað fyrr en 50 mánuðum (rúm 4 ár) eftir uppskeru og til að kallast riserva þarf ár til viðbótar.

EINKENNI

Brunello vínin eru ekki ólík einkennum annara Sangiovese vína, kannski heldur kröftugri, frísk (súr) rauð ber með sætkennda kirsuberjatóna, einnig eru oft fjólutónar, leður og súkkulaði eða laufkenndir jarðartónar. Vínin eru oft frekar tannísk og sýrurík í byrjun. Þau henta því vel til geymslu og að margra mati eru þau að sýna bestu hliðar sínar þegar vínið er komið ríflega á grunnskólaaldurinn.

ROSSO DI MONTALCINO DOC

Þetta vín var sett markað og skrásett 1984 til að gefa framleiðendum kost á koma framleiðslunni fyrr á markað. Til að falla í þennan flokk þarf vínið einnig að vera úr Sangiovese og vera ræktað á sömu svæðum og Brunello. Vínið þarf hinsvegar ekki að geymast lengur en eitt ár, þar af 6 mánuði á eik. Þetta gefur framleiðendum möguleika að setja vín sem þeim finnst ekki ætla að standast kröfur sem þeir gera til Brunello niður í þennan flokk. Verðið á Rosso di Montalcino er yfirleitt þriðjungur eða helmingur af því sem Brunello kostar.

Annað svæði innan Montalcino er Sant'Antimo DOC. Þar sem framleiðendur geta notað þruga sem leyfðar eru innan Siena s.s. Chardonnay, Sauvignon Blanc, Pinot Grigio, Pinot Nero, Cabernet Sauvignon og Merlot.

MATUR

Toskana hefur ekki verið sérstaklega þekkt fyrir sælkeramat en góður sveitamat er gjarnan á borðum. Nautakjöt er þó partur af þeirri hefð og passar Brunello vel við nautið. Mikið er um matarmiklar grænmetisúpur, Ribollita, og þar á léttur Rosso di Montalcino vel við eða gott hvítvín úr Pinot Grigio eða Sauvignon Blanc. Léttari pastaréttir penne og ferskir sveppir á haustin. Einnig er crostini (smábrauð með léttu áleggi eða paté) vinsælt og þá passa léttari Toskana vín, rauð eða hvít.



Júlíus Steinarsson
vínráðgjafi



HEFUR EFNAGSHRUNIÐ ÁHRIF Á NEYSLU ÁFENGRA DRYKKJA?

Það er ljóst að efnahagshrunið hefur margvísleg áhrif á neyslu fólks. Ein breytingin er í áfengis kaupum. Utan úr heimi berast nú þær fréttir að samdráttur í sölu hágæðavína sé nú þegar áþreifanlegur. Kampavinsframleiðendur tilkynntu nú á dögum mikinn samdrátt í sölu á síðasta ársfjórðungi síðasta árs. Þegar skoðuð er sala á kampavíni í desember 2008 og 2007 sést að mun minna selst af kampavíni í desember síðastliðnum en í sama mánuði árið 2007. Samdrátturinn er milli 50-70%.

ÞAÐ SEM GERIST AUÐVITAÐ ÞEGAR KREPPIR AÐ Í FJÁRHAG FÓLKS ER AÐ ÞAÐ FÆRIR SIG ÚR DÝRARI VÖRUM Í ÓDÝRARI.

Hvernig er neyslan á heimsmarkaðnum annars að breytast? Þróunin hefur verið sú að sala á borðvínunum hefur verið að dragast saman í rötgrónustu vínframleiðslulöndum Evrópu. Helsti orsakavaldur samdráttarins er að yngri neytendur hafa aukið neyslu á öðrum drykkjum en hefðbundnum borðvínunum. Sérstaklega áberandi er hvað neysla á bjór hefur aukist, en einnig hefur verið hreyfing yfir í sterkara áfengi og blandaða drykki. Undantekningin er þó gosblandaðir drykkir, en sala þeirra hefur dregist saman undanfarin ár. Árið 2008 var til að mynda heildaraukning sölu á heimsvísu á borðvínunum um 2% á meðan aukning sölu á bjór var um 5%. Þetta er áframhald á þróun sem hefur verið nær óslitin í áratug.

Nýir markaðir hafa þó opnast fyrir borðvín í Asíu. Þessir nýju markaðir hafa unnið að einhverju leyti upp samdráttinn sem hefur orðið í Evrópu. Eftir efnahagshrunið eru þó líkur á að þessir nýju markaðir lokist aftur. Á sama tíma er aldursamsetning neytenda borðvína í Evrópu að eldast.

Til þess að bæta gráu ofan á svart hefur efnahagshrunið þau áhrif að framleiðendur geta ekki aukið innkomu sína með því að selja dýrari vín í meiru magni. Það sem gerist auðvitað þegar kreppir að í fjárhag fólks er að það færir sig úr dýrari vörum

í ódýrari. Bjórinn nýtur góðs af þessu og þar eykst salan á meðan borðvínssala dregst saman. Það sem framleiðendur eru því þessa dagana að horfa til er að tryggja sig inn á markaðinn í Kína. Hann er gríðarlega stór og örlítil neysla þar þýðir gríðarlegt magn víns. Vandamál vanþróaðra markaða eins og Kína er að erfitt er að finna umboðsaðila með næga þekkingu á vörunni. Einnig er ákveðinn galdur að komast inn í stórmarkaði í Kína, auk þess sem að þeir rukka stórar fjárhæðir fyrir hilluplássið eða útstillinguna í búðinni. Fjárfesting í vínþekkingu verður því eitt stærsta málið fyrir vínframleiðendur á næstu árum á þessum nýja markaði.

En skoðum nánar hvað hefur gerst í neyslu áfengra drykkja hér á landi undanfarið. Á næstu blaðsíðu er tafla yfir sölusamanburð síðustu tveggja ára. Þar verður strax ljóst að bjórinn hefur mikla yfirburði í magnsölu miðað við aðra vöruflokk. Þetta er merkilegt ef við hugsum til þess að það var ekki fyrr en 1. mars árið 1989 sem sala á bjór var lögleidd hér á landi. Á töflunni má sjá að heildaraukning í seldum áfengislítrum hérlendis á milli ára eru rétt rúm 4%. Þar er einnig aðra forvitnilega hluti að finna eins og að í öllum léttvínunum er samdráttur nema í hvítvíni. Sala á hvítum vínunum hefur reyndar verið að aukast töluvert undanfarin ár.

Ekki verður hjá því komist að skýra frá því hvað stendur á bak við mikinn samdrátt í sölu undir flokki er kallast ávaxtavín. Þar eru flokkaðir margskonar drykkir sem eru með ávaxtabragði. Þar hafa gosblöndur dottið út úr sölu, ásamt því að sölusamdráttur á síder er mikill.

Sala rósavína heldur áfram að dala milli ára –áframhald á þróun sem hefur átt sér stað undanfarin ár. Þetta er að hluta til vegna þess að ákveðin tegund rósavína frá Portúgal, sem var gríðarlega vinsælt hjá ákveðinni kynslóð Íslendinga, hefur dalað í sölu þar sem að helstu kaupendur þeirra hafa nú dregið mikið úr neyslu. Á móti kemur að svokölluð Blush vín hafa náð nokkrum vinsældum meðal yngri neytenda, bæði þá það sem framleitt er í Bandaríkjunum og á Ítalíu.





Tequila tekur stórt stökk á milli ára en helsta skýringin er sú að á árinu 2007 var ekki ein einasta tegund af Tequila fánleg í Vínbúðunum. Þessi söluaukning verður því mjög mikil í prósentum talið milli ára, en eins og sjá má er heildarlítrafjöldi í Tequila ekki mikill.

Mikil aukning í flokki er kallast snafs skýrist af því að ný tegund af bragðbættu rommi kom inn á árinu og náði gríðarlegri sölu á mjög skömmum tíma.

Lítum síðan á aðra mjög athyglisverða töflu er sýnir samanburð á ákveðnum vöruflokkum í desember árin 2007 og 2008.

Hér er ljóst að neyslumynstrið er að breytast töluvert. Nokkurra prósentu aukning er í sölu á bjór og hvítvíni, en aðrir drykkir dragast mismunandi mikið saman milli ára.

Fyrst er þar að telja upp freyðivíni en sala þeirra dregst saman um rúm 25%. Það eru sem sé færri sem skáluðu fyrir nýju ári í freyðivíni en áramótin þar á undan. Þegar þessar tölur voru skoðaðar návar þá kemur í ljós að mestur varð samdrátturinn í sölu á kampavíni. Einungis ein tegund af freyðivíni jók sölu milli ára og það var ódýrasta tegundin. Það er því ljóst að viðskiptavinir Vínbúðanna voru að færa sig yfir í ódýrari vörur úr þeim dýrari í þessum vöruflokki.

Annar merkilegur hlutur er samdrátturinn í sölu á brandí. Koníak hefur í áratugi verið mikill hátíðadrykkur og í raun lúxusvara í augum landans. Í desember síðastliðinn keyptu færri fyrirtæki koníak til jólagjafa en árið á undan. Það sama má segja um viskí.

Það er því ljóst að kauphegðun er breytast og kaupin eru að færast bæði á milli tegunda áfengis og yfir í ódýrari vörur. En hafið það í huga að hér er einungis verið að tala um lítrafjölda. Að lokum fylgir hér með listi yfir söluhæstu tegundirnar í helstu vöruflokkum Vínbúðanna á síðasta ári. Í þessum lista má sjá hvaða tegundir eru að dala eða stíga á milli ára, en svona yfir línuna er mjög áhugavert að sjá að í þessum upptalningum er ekki mikið um stór stökk. Það eru yfirleitt sömu tegundirnar ár eftir ár sem halda sölu og halda einnig sæti sínu ótrúlega vel innan síns vöruflokks.

Lítrasala (í þús. lítra)	2007	2008	Mism.	Mism. í %
Rauðvín	1.836	1.817	-19	-1,0%
Hvítvín	958	1.086	128	13,3%
Rósavín	94	82	-12	-12,5%
Freyðivín	123	116	-7	-5,8%
Styrkt vín	56	52	-4	-8,1%
Bjór	15.227	15.882	655	4,3%
Brandí	66	60	-6	-8,8%
Viskí	98	99	1	1,1%
Ávaxtavín	80	59	-21	-26,8%
Ávaxtabrandí	0,7	0,7	0	1,4%
Romm	70	71	1	1,7%
Tequila	4	5	1	28,6%
Ókryddað brennivín og vodka	353	376	23	6,6%
Gin & Sénever	67	69	2	3,5%
Snafs	37	46	9	23,7%
Líkjörar	89	90	0,2	0,3%
Bitterar, kryddvín & aperítívar	59	61	3	4,7%
Blandaðir drykkir	336	321	-15	-4,4%
Heildarsala	19.555	20.381	826	4,2%

Lítrasala desember	2007	2008	Mism.	Mism. í %
Rauðvín	253	242	-11	-4,60%
Hvítvín	106	108	2	2,70%
Rósavín	10	8	-2	-14,90%
Freyðivín	35	26	-9	-25,20%
Styrkt vín	16	14	-2	-13,20%
Bjór	1.540	1.591	51	3,30%
Brandí	13	10	-3	-24,60%
Viskí	13	12	-0,9	-7,20%
Samtals	1.989	2.015	26	1,30%



SÖLUHÆSTU TEGUNDIRNAR Í HELSTU VÖRUFLOKKUM

Kassavín rauðvín				Rauðvín flöskur				Brennd vín og styrkt			
	2008	2007	hreyfing		2008	2007	hreyfing		2008	2007	hreyfing
Drostdy-Hof Cape Red	1	1	0	Montecillo Crianza	1	1	0	Smirnoff	1	1	0
Concha y Toro Frontera Cabernet Sauvignon	2	2	0	Boomerang Bay Cabernet Shiraz	2	2	0	Bacardi Razz	2	9	7
Lindemans Shiraz Cabernet	3	5	2	Concha y Toro Sunrise Cabernet Sauvignon	3	5	2	Finlandia	3	2	-1
Gato Negro Cabernet Sauvignon	4	6	2	El Coto Crianza	4	3	-1	Bacardi Carta Blanca	4	4	0
Sunrise Cabernet Sauvignon	5	8	3	Concha y Toro Sunrise Merlot	5	4	-1	Harveys Bristol Cream	5	3	-2
Rosemount Shiraz Cabernet	6	3	-3	Masi Campofiorin	6	6	0	Cortel Napoleon VSOP	6	7	1
Pasqua Cabernet Merlot Venezia	7	4	-3	Gato Negro Cabernet Sauvignon	7	8	1	Captain Morgan Spiced Rum	7	6	-1
Solaz	8	7	-1	Peter Lehmann Wildcard Shiraz	8	16	8	Koskenkorva	8	5	-3
Trivento Shiraz - Malbec	9	18	9	Casillero del Diablo Cabernet Sauv.	9	7	-2	Stolichnaya	9	13	4
Le Cep Chilean Cabernet Sauvignon	10	9	-1	Lindemans Cawarra Shiraz Cabernet	10	9	-1	Reyka Vodka	10	8	-2
Lindemans Bin 45 Cabernet Sauvignon	11	10	-1	Coto de Imaz Reserva	11	11	0	Jack Daniel's	11	15	4
J.P. Chenet Cabernet Syrah	12	11	-1	Rosemount Merlot	12	43	31	Bailey's	12	10	-2
Wolf Blass Eaglehawk Shiraz	13	12	-1	Rosemount Shiraz	13	13	0	Campari Bitter	13	14	1
La Habanera Tempranillo	14	15	1	Yellow Tail Merlot	14	10	-4	Beefeater	14	11	-3
JeanJean Merlot	15	19	4	Faustino VII	15	17	2	Bombay Sapphire	15	16	1
Tabiso Shiraz	16	17	1	Villa Puccini Toscana	16	26	10	Jagermeister	16	20	4
Vina Maipo Cabernet Sauvignon	17	20	3	Montes Cabernet Sauvignon	17	23	6	Cockburn's Special Reserve	17	12	-5
Bodegas Hijos de Alberto Gutierrez	18	16	-2	Rosemount Cabernet Sauvignon	18	23	5	Amarula Cream	18	17	-1
Robertson Winery Cabernet Sauvignon	19	13	-6	Montes Cabernet Sauvignon Carm. Lim. Sel.	19	18	-1	Camus VSOP Elegance	19	18	-1
Encinar	20	21	1	Yellow Tail Shiraz	20	20	0	Gordon's	20	19	-1

Hvítvín - rósavín flöskur				Kassavín hvítvín - rósavín				Bjór 500 ml. dósir			
	2008	2007	hreyfing		2008	2007	hreyfing		2008	2007	hreyfing
Rosemount GTR	1	1	0	Moselland Riesling Kabinett	1	1	0	Viking	1	1	0
Ars Vitis Riesling	2	2	0	Drostdy-Hof Steen	2	3	1	Thule	2	3	1
Rosemount Chardonnay	3	3	0	Rosemount GTR	3	2	-1	Viking Lite	3	2	-1
Guntrum Riesling	4	4	0	Guntrum Riesling	4	5	1	Tuborg Grön	4	5	1
Concha y Toro Sunrise Chardonnay	5	5	0	Lindemans Chardonnay	5	4	-1	Carlsberg	5	4	-1
Peter Lehmann Wildcard Chardonnay	6	17	11	JCP Herault Blanc	6	6	0	Tuborg Gold	6	6	0
Jacob's Creek Chardonnay	7	6	-1	Concha y Toro Frontera Chardonnay	7	7	0	Egils Gull	7	8	1
Montes Chardonnay Reserve	8	15	7	Concha y Toro Sunrise Chardonnay	8	11	3	Egils Lite	8	9	1
Riunite Blush Bianco	9	8	-1	Two Oceans Sauvignon Blanc	9	8	-1	Faxe Premium	9	7	-2
Carlo Rossi California Rose	10	7	-3	Trivento Chardonnay - Chenin	10	16	6	Viking Lager	10	11	1
Bolla Pinot Grigio	11	11	0	Vina Maipo Chardonnay	11	9	-2	Heineken	11	10	-1
El Coto Rioja	12	20	8	Devil's Rock Riesling	12	12	0	Faxe Royal	12	14	2
Torres Vina Esmeralda	13	12	-1	Pearly Bay Cape White	13	10	-3	Viking Sterkur	13	12	-1
Villa Antinori	14	16	2	Two Oceans Fresh & Fruity	14	14	0	Egils Pilsner	14	13	-1
Trivento Chardonnay	15	18	3	JCP Herault Blanc	15	13	-2	Bavaria	15	15	0
Frankhof Hochheimer Daubhaus Riesl. K.	16	10	-6	Dr. Loosen Bros Riesling	16	15	-1	Tyskie	16	18	2
Montes Sauvignon Blanc	17	28	11	Gato Negro Chardonnay	17	18	1	Beck's	17	17	0
La Chablisienne Petit Chablis	18	9	-9	Gallo Family Vineyards Sierra Valley Chard.	18	20	2	Budweiser Budvar	18	19	1
Lindemans Cawarra Colombard Chardonnay	19	19	0	Barramundi Semillon Chardonnay	19	17	-2	Egils Sterkur	19	16	-3
Villa Lucia Pinot Grigio	20	50	30	Montalto Cataratto Chardonnay	20	19	-1	Egils Premium	20	21	1



ÁRGANGATAFLA ÁTVR

Evrópa



Frakkland

	2006	2005	2004	2003	2002	2001	2000	1999	1998	1997	1996	1995	1994
Bordeaux-Medoc	3-4	5	3-4	5	4	2-3	5	4	3-4	2-4	3-5	3-5	2-4
St-Emilion/Pomerol	4	4-5	4	4	2-3	3	4	4	3-5	2-3	3-4	4-5	3-4
Sauternes	4-5	4	3-4	4	3-4	4-5	4	5	3-4	3-4	5	4	2
Bourgogne-Cote d'Or	3-4	4-5	3-4	4-5	4	3	3-4	4-5	3-4	4	4-5	4-5	2-3
Cote de Beaune hvítt	4-5	4-5	2-3	4-5	4	4	4-5	3-4	4	4-5	5	4-5	3-4
Chablis	4	4-5	3-4	4-5	5	3	3-4	3-4	2-3	4	5	4-5	2
Alsace	3-4	4	4	4-5	3	3-4	5	2-3	3-4	5	4	4	2-4
Rhone-Norður	4-5	4	4	3	2	5	4	5	4	3-4	3-4	4-5	3
Chateauneuf du Pape	4	4-5	4	3	1	4	2-3	4	5	3	2-3	4	3
Languedoc-Roussillon	3-4	4	4	3	2	4-5	3	2	4-5	2-3	1	4	



Ítalía

Piemonte	4-5	2-3	4	4	1	3-4	4	3-4	4-5	4	5	2-3	1
Toscana	4-5	3-4	5	4	1-2	3-5	3-4	5	2-4	5	2	3-4	2-3



Þýskaland

Mosel	5	4-5	4	4-5	4	5	2-3	3-5	3-4	4-5	2-4	5	4
Rín	4-5	4-5	4	4-5	3	4	1-3	2-4	4-5	3-4	5	2-3	3



Spánn

Rioja	4-5	4	3-4	3-4	1-3	4-5	3	2	4	1-2	4	5	5
Ribera del Duero	4-5	4-5	4-5	4	2	5	3-5	4	3	1	5	5	4
Katalónía	3-4	4-5	4-5	4-5	3	4	4	4	4-5	3-4	4	4	4



Portúgal

	3-4	4	4	5	1-2	3-4	4	1-2	2-4	4	2-3		
--	-----	---	---	---	-----	-----	---	-----	-----	---	-----	--	--

Ameríka



Kalifornía – rautt	4-5	3-4	3-4	4-5	4	5	2-4	3-5	2-3	4-5	3-4	4-5	5
Kalifornía – Chardonnay	4-5	3-4	3-4	4-5	4	3	3	4	2-3	5	5	5	4-5



Chile

	4-5	4	3	5	3	5	1-3	4-5	1-3	4-5	3-4	4-5	
--	-----	---	---	---	---	---	-----	-----	-----	-----	-----	-----	--



Argentína

	4-5	4	5	4	5	3-4	2-3	2-4	1-3	2-3	3	5	
--	-----	---	---	---	---	-----	-----	-----	-----	-----	---	---	--



Suður-Afríka

	4-5	3-4	4	4-5	3	4-5	2-4	2-4	3-4	4-5	1-2	3-4	
--	-----	-----	---	-----	---	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	--



Ástralía

New South Wales	4-5	4	3-4	4	2-4	1-3	2-3	2-4	3-5	4-5	4	1-3	3-4
Victoria	4-5	4-5	4	4	4-5	3	1-4	1-5	5	4-5	2-4	2-3	3-5
South-Australia	4-5	4-5	4-5	5	4-5	3-4	2-3	1-3	5	2-4	4-5	2-4	4
West-Australia	3-4	4	4-5	4	3	3-4	2-5	3-5	2-4	3-4	3-4	3-5	4-5



Nýja-Sjáland

	4-5	4-5	4	5	3-4	2	3-4	2-4	2-4	1-3	2-4	3-5	
--	-----	-----	---	---	-----	---	-----	-----	-----	-----	-----	-----	--

Vöruskrá

gildir í mars 2009

RAUÐVÍN

Tegundir sem eru merktar **R** á undan vörunúmeri, eru í reynslusölu og fást aðeins í Vinbúðinni Heiðrúnu, Kringlunni og Skútuvgi. Vörur sem merktar eru **Ú** á undan vörunúmeri, eru Úrvalsvín og fást víða í Vinbúðum. Verð eru leiðbeinandi. Birt með fyrirvara um prentvillur.



Argentína

Argentína er eitt mesta vínframleiðsluland heims. Útflutningur hefur verið að aukast undanfarin ár og er mestur í vínunum gerðum úr rauðu þrúgunum Malbec og Cabernet Sauvignon. Mest einkennandi rauðvinsþrúgan er Malbec, en aðrar þjóðir hafa ekki notað hana í sama mæli og hér er gert.

Cabernet Sauvignon

R	05088	Catena Cabernet Sauvignon	750 ml	14 %	2.295 kr.
		2003 Kirsuberjarautt. Mjúk meðalfylling, þurrt, ferskt, þroskuð tannín. Sólbakaður berjablámi, eik, jörð, vanilla.			
R	12181	Finca el Origen Cabernet Sauvignon	750 ml	14 %	1.875 kr.
		2006 Dökkubínrautt. Þétt meðalfylling, þurrt, súrrikt, mikil tannín. Dökk ber, tóbak, vanilla. Ungt.			
	10726	Funky Llama Cabernet Sauvignon	750 ml	13 %	1.199 kr.
		2005 Kirsuberjarautt. Meðalfylling, þurrt og milt. Þroskuð tannín og sætkenndur ávöxtur.			
	10930	Funky Llama Cabernet Sauvignon	187 ml	13 %	398 kr.
		2005 Kirsuberjarautt. Létt meðalfylling, þurrt, milt sýra, lítil tannín. Nokkur þroski.			
R	09066	Luigi Bosca Cabernet Sauvignon Reserva	750 ml	14 %	2.424 kr.
